

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/732****2020/EES/16/34****frá 17. maí 2018****um sameiginlega aðferðafræði fyrir samanburð á einingarverði óhefðbundins eldsneytis í samræmi við tilskipun
Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB frá 22. október 2014 um uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í þeim tilgangi að ákvarða hvaða aðferðafræði hentar best skv. 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/94/ESB fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Orkustofnun Þýskalands (dena), í kjölfar útboðs, að hún gerði rannsókn til að greina mögulega valkosti fyrir sameiginlega aðferðafræði fyrir samanburð á einingarverði óhefðbundins eldsneytis ⁽²⁾.
- 2) Fjórir meginkostir voru greindir í rannsókninni. Framkvæmdastjórnin mat alla þá kosti. Svo virðist sem að yfirgripsmesti kosturinn, byggður á mælanlegum gögnum, sé sá þar sem eldsneytisverð er gefið upp sem fjárhæð í viðeigandi gjaldmiðli á hverja 100 km, að teknu tilliti til einingarverðs eldsneytis eins og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB ⁽³⁾ og að teknu tilliti til eldsneytisnotkunar ökutækja, eins og um getur í samræmisvottorði. Sá kostur tekur ekki einungis tillit til orkuinnihalds eldsneytisins heldur einnig til annarra þátta sem skipta máli fyrir eldsneytisverðið á þeirri vegalengd sem farin er, einkum orkunýtni viðkomandi tækni sem tengist notkun mismunandi eldsneytistegunda í ökutækjum.
- 3) Í kjölfar útboðs gerði Alþjóða aksturssambandið (FIA) neytendakönnun um samanburð á eldsneytisverði ⁽⁴⁾ og samkvæmt niðurstöðum studdu neytendur þá aðferðafræði þar sem eldsneytisverð er gefið upp sem fjárhæð í viðeigandi gjaldmiðli á hverja 100 km.
- 4) Sú aðferðafræði sem valin er ætti að gera notendum kleift að gera einfaldan samanburð sem nær til allra mikilvægustu þátta, einnig með tilliti til innkaupavalkosta í framtíðinni. Þannig virðist þessi aðferðafræði henta best í þeim tilgangi að auka vitund neytenda ásamt því að auka gagnsæi á eldsneytisverði. Hún er einnig ákjósanlegust fyrir almennari markmið tilskipunar 2014/94/ESB, sem einnig er tekið tillit til í evrópsku stefnuáætluninni um samgöngur sem valda lítilli losun ⁽⁵⁾, sem samþykkt var innan ramma orkusambandsins, þ.e. að stuðla að aukinni fjölbreytni í orkugjöfum fyrir flutninga og að lækkan koltvísýrings og losun annarra mengandi efna á því sviði.
- 5) Við útreikning á eldsneytisverði ætti að nota gildið fyrir eldsneytisnotkun sem er tilgreint í samræmisvottorði ökutækis. Þetta gildi er byggt á prófunaraðferð fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (WLTP-prófunaraðferð) ⁽⁶⁾ sem tekin var í notkun frá og með september 2017 fyrir nýjar gerðir ökutækja og frá og með september 2018 fyrir öll ný ökutæki. Þessi prófunaraðferð kemur í stað nýju evrópsku aksturslotunnar (NEDC) sem nú er í notkun. Í WLTP-prófunaraðferðinni er kveðið á um strangari prófunarskilyrði og raunsæri eldsneytisnotkun sem er neytendum til hagsbóta. Tilvísun í þessi gildi er í samræmi við þær neytendaupplýsingar sem tilgreindar eru í tilskipun Evrópuþingsins

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 85. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 1.

(2) <https://ec.europa.eu/transport/sites/transport/files/2017-01-fuel-price-comparison.pdf>

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB frá 16. febrúar 1998 um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum (Stjttð. EB L 80, 18.3.1998, bls. 27).

(4) <https://publications.europa.eu/en/publication-detail/-/publication/4e8d1774-fa70-11e7-b8f5-01aa75ed71a1>

(5) COM (2016) 501 final.

(6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjttð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

og ráðsins 1999/94/EB ⁽¹⁾ sem varðar aðgengi neytenda að upplýsingum um eldsneytiseyðslu og koltvísýringslosun við markaðssetningu nýrra fólksbifreiða, einnig að teknu tilliti til tilmæla framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/948 ⁽²⁾.

- 6) Aðildarríkjum er heimilt að nota eigin gögn til að ákvarða gildi fyrir eldsneytisnotkun hvað varðar lífeldsneytisblöndur með bensíni eða dísilolíu ⁽³⁾ þar sem engin slík gildi eru tilgreind í samræmisvottorði ökutækja.
- 7) Til þess að alltaf sé hægt að beita aðferðafræðinni ætti eldsneytisverðið, sem taka skal tillit til, að vera meðalverð hefðbundinnar einingar viðeigandi eldsneytis á tímabili sem samsvarar að hámarki síðasta almanaksársfjórðungi áður en útreikningur fór fram.
- 8) Vegna þeirra takmarkana sem fylgja því að sýna samanburð á eldsneytisverði á eldsneytisstöðvum ætti að tilgreina að notkun slíkrar aðferðafræði gerir ráð fyrir að komið verði upp úrtaki af fólksbifreiðum sem eru sambærilegar, a.m.k. hvað varðar þyngd og afl, en nota mismunandi eldsneytistegundir.
- 9) Aðildarríki hafa þann möguleika að nýta sér þau tækifæri sem fylgja stafvæðingu, eins og tólum á Netinu, til að greiða frekar fyrir samanburði sem byggir á þeirri aðferðafræði sem komið er á fót í þessari reglugerð. Slík tól ættu að gera kleift að afla sértækra upplýsinga um allar eða flestar gerðir ökutækja sem eru á markaðnum. Slík tól myndu einnig bjóða upp á þann möguleika að bæta við frekari upplýsingum.
- 10) Í vinnuáætlun framkvæmdastjórnarinnar til margra ára fyrir fjárhagsaðstoð á sviði Sjóðsins fyrir samtengda Evrópu (CEF) — flutningsgeirinn fyrir tímabilið 2014-2020 ⁽⁴⁾ er kveðið á um aðgerð sem ætluð er til aðstoðar aðildarríkjum við framkvæmd tilskipunar 2014/94/ESB. Samkvæmt vinnuáætluninni er markmiðið einkum að styðja samræmda framkvæmd 3. mgr. 7. gr. í þeirri tilskipun í öllum aðildarríkjum og að styðja aðildarríki við að gera neytendaupplýsingar aðgengilegar með stafrænum tólum.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2014/94/ESB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum er sameiginlega aðferðafræðin sett fram fyrir samanburð á einingarverði óhefðbundins eldsneytis, í skilningi 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/94/ESB, byggð á verði sem gefið er upp sem fjárhæð í viðeigandi gjaldmiðli á hverja 100 km.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda 24 mánuðum eftir gildistöku hennar.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/94/EB frá 13. desember 1999 sem varðar aðgengi neytenda að upplýsingum um eldsneytiseyðslu og koltvísýringslosun við markaðssetningu nýrra fólksbifreiða (Stjtíð. EB L 12, 18.1.2000, bls. 16).

⁽²⁾ Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/948 frá 31. maí 2017 um notkun gilda fyrir eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun, sem eru gerðarviðurkennd og mæld í samræmi við prófunaraðferðina fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu, þegar upplýsingar eru gerðar aðgengilegar neytendum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/94/EB (Stjtíð. ESB L 142, 2.6.2017, bls. 100).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/30/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 98/70/EB að því er varðar forskriftir fyrir bensín, dísilolíu og gasolíu og um að innleiða fyrirkomulag til að vakta og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/32/EB að því er varðar forskriftir fyrir eldsneyti sem er notað fyrir skip á skipgengum vatnaleiðum og um niðurfellingu á tilskipun 93/12/EBE (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 88).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2014) 1921 frá 26. mars 2014 með áorðnum breytingum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 17. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

1. Sameiginlega aðferðafræðin, sem sett er fram í þessum viðauka, varðar óhefðbundið eldsneyti eins og það er skilgreint í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/94/ESB.
2. Í aðferðafræðinni er kveðið á um grunnaðferð við útreikning sem gerður er í þeim tilgangi að sýna á eldsneytisstöðvum, eins og um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/94/ESB, leiðbeinandi samanburð á verði, sem byggður er á úrtaki af fólksbifreiðum, sem ákvarðað er af aðildarríkjum, og eru sambærilegar, a.m.k. hvað varðar þyngd og afl, en nota mismunandi eldsneytistegundir.
3. Í aðferðafræðinni er skilgreint hvernig verð á bensíni og dísilolíu og óhefðbundnu eldsneyti er gefið upp sem fjárhæðir í viðeigandi gjaldmiðli á hverja 100 km til þess að gera slíkan samanburð. Útreikningurinn byggir á eftirfarandi þáttum:
 - a) eldsneytisnotkun viðeigandi ökutækis á hverja 100 km, sem er tilgreind í samræmisvottorði ökutækja sem um getur í 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽¹⁾,
 - b) ef við á, gildi fyrir eldsneytisnotkun á hverja 100 km, sem aðildarríki ákvarða fyrir blöndu líffeldsneytis og bensíns eða dísilolíu ⁽²⁾,
 - c) markaðsverði á einingu viðeigandi eldsneytis, gefið upp í viðeigandi gjaldmiðli fyrir þær einingar sem um getur í hlutaðeigandi aðildarríki í samræmi við tilskipun 98/6/EB (hér á eftir: hefðbundnar einingar).
4. Verðið, sem gefið er upp sem fjárhæð í viðeigandi gjaldmiðli á hverja 100 km, er reiknað út á eftirfarandi hátt:
Eldsneytisverð í viðeigandi gjaldmiðli fyrir hefðbundna einingu × eldsneytisnotkun á hverja 100km.
5. Það eldsneytisverð á hverja hefðbundnu einingu sem taka skal tillit til er meðalverð á tímabili sem samsvarar að hámarki síðasta almanaksársfjórðungi áður en útreikningur fór fram.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjútíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/30/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 98/70/EB að því er varðar forskriftir fyrir bensín, dísilolíu og gasolíu og um að innleiða fyrirkomulag til að vakta og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/32/EB að því er varðar forskriftir fyrir eldsneyti sem er notað fyrir skip á skipgengum vatnaleiðum og um niðurfellingu á tilskipun 93/12/EBE (Stjútíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 88).